



Reykjavík, 14. júní 2012

Umhverfisstofnun  
Suðurlandsbraut 24  
108 Reykjavík

## Varðar: Starfsleyfi fyrir nýja olíubirgðastöð á Ísafirði

Með vísan til 10. gr reglugerðar nr 785/1999, sbr 1. gr reglugerðar nr 1077/2005 og 2. gr reglugerðar nr 105/2004, óskar Oliudreifing ehf, kt 660695-2069 eftir útgáfu starfsleyfis fyrir rekstur olíubirgðastöðvar undir gasolíur á lóð F, Mávagarði, Ísafjarðarbæ.

Í samræmi við 10. gr reglugerðar 785/1999 eru eftirfarandi upplýsingar veittar:

- a. lýsing á tegund atvinnurekstrar, umfangi hans og umfangi einstakra rekstrarþátta ef við á og uppdrættir af staðsetningu,
  - *Tekið á móti, geymd og afgreidd olía auk móttöku á úrgangsoliu. Rúmmál stærsta geymis er 1.510 rúmmetrar.*
- b. afrit af staðfestu deiliskipulagi,
  - *Sjá meðfylgjandi deiliskipulag sem samþykkt var 5/6/2008*
- c. lýsing á staðháttum við vinnslustað,
  - *Stöðin er staðsett á hafnarsvæðinu á Ísafirði, á landfyllingu á Mávagarði, með sjó á þrjár hliðar.*
- d. upptalning á hráefnum og hjálparefnum, öðrum efnum og þeirri orku sem er notuð eða framleidd,
  - *Meðhöndluð er gasolia, UN nr 1202, auk litar- og merkiefna sem uppfylla skilyrði reglugerðar um litun oliu.*
- e. lýsing á uppruna, eðli og magni fyrirsjáanlegrar losunar út í andrúmsloft, vatn eða jarðveg, og greinargerð um áhrif losunar á umhverfið,
  - *Losun í vatn uppfyllir 15 ppm kröfu reglugerðar 35/1994. Engin losun á að eiga sér stað í jarðveg né andrúmsloft.*
- f. lýsing á þeim mengunarvörnum sem valdar eru til að hindra eða draga úr losun,
  - *Reglubundið eftirlit er með lekum og öðrum umhverfispáttum, frárennsli fer í gegnum viðurkenndar olíuskiljur og geymar standa í lekaþró sbr reglugerð nr 35/1994 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.*
- g. lýsing á áætluðum aðgerðum til að fylgjast með losun út í umhverfið,
  - *Olíuskiljur eru virkniprófaðar í eftirliti, lagnir eru þrýstiprófaðar á 5 ára fresti og geymar þykktarmældir á 10 ára fresti skv reglugerð*
- h. lýsing á tilhögum innra eftirlits vegna losunar út í umhverfið,
  - *Reglubundið eftirlit er skráð á eftirlitsblöð sem skilað er inn til aðalstöðva mánaðarlega og halddið er utan um annað eftirlit í sérstöku eftirlitsforriti á aðalskrifstofu*
- i. lýsing á ráðstöfunum til að koma í veg fyrir myndun úrgangs ásamt upplýsingum og lýsingum á ráðstöfunum um endurnýtingu úrgangs, ef þörf er á,
  - *Helsta úrgangsmyndun er úrgangsolia sem myndast við undantöppun geyma. Sú olía fer í olíuskilju, sem tæmd er í úrgangssöfnunarkerfi stöðvarinnar og er send til endurnýtingar i endurvinnslustöðina í Örfirisey í Reykjavík.*


- j. lýsing á tegund og magni úrgangs, þ.m.t. spilliefna,
  - *sjá i-lið*
- k. lýsing á öðrum ráðstöfunum sem gerðar verða, m.a. í samræmi við almenn skilyrði í 14. gr.
  - *Ekki er um frekari ráðstafanir að ræða*

Í samræmi við 1. gr reglugerðar 105/2004 fylgja auk þess umsókninni:

- a. Staðfesting á að starfsemin sé með tryggingu í samræmi við 15. gr laga nr 33/2004.
- b. Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar

Ef einhverjar spurningar vakna eða frekari upplýsinga er óskað, endilega hafið samband við undirritaðan.

Virðingarfyllst,  
f.h. Olfudreifingar ehf.



Gestur Guðjónsson  
Umhverfis- og öryggisfulltrúi

Meðfylgjandi:

- *Afstöðumynd*
- *Staðfest deiliskipulag frá Ísafjarðarbæ*
- *Staðfesting á að starfsemin sé með tryggingu í samræmi við 15. gr laga nr 33/2004.*
- *Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar*